

## REGLUR

### um aukastörf lögreglumanna.

#### 1. gr.

Lögreglumenn sem eru skipaðir, settir eða ráðnir samkvæmt 28. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 skulu sinna lögreglustarfinu sem aðalstarfi og skal það vera í forgangi með vísan til 1. og 2. mgr. 13. gr. lögreglulaga nr. 90/1996. Skulu þeir ávallt sinna störfum sínum af alúð, samviskusemi, hlutlægni og réttsýni.

#### 2. gr.

Lögreglumaður skal ekki taka að sér aukastarf sem er ósamrýmanlegt stöðu hans.

Með aukastarfi er átt við að taka við launuðu starfi í þjónustu annars aðila, setjast í stjórn atvinnufyrirtækis eða stofna til atvinnurekstrar.

Aukastarf telst vera ósamrýmanlegt stöðu lögreglumanns ef það er svo umfangsmikið að lögreglumaður getur ekki sinnt starfsskyldum sínum vegna þreytu eða annars álags sem af aukastarfi hlýst. Við slíkt mat skal höfð hliðsjón af starfshlutfalli aukastarfsins.

Að sama skapi telst aukastarf ósamrýmanlegt stöðu lögreglumanns ef það er til þess fallið að leiða til hagsmunárekstra eða hafa áhrif á hæfi hans, traust eða trúnað gagnvart vinnuveitanda.

Samkvæmt 4. mgr. myndu t.d. eftirlalin störf teljast almennt ósamrýmanleg stöðu lögreglumanns:

- a. Öryggisvarsla fyrir hönd einkaaðila, þ.m.t. dyravarsla á veitinga- og skemmtistöðum.
- b. Störf á vegum tryggingafélaga er snúa að mati eða uppgjöri á líkams- eða eignatjóni.

#### 3. gr.

Hyggist lögreglumaður taka að sér aukastarf skal hann beina skriflegri umsókn til lögreglustjóra bar sem gerð er grein fyrir því í hverju aukastarfið er fölgjóð og fyrir hvern það er unnið, hver greiðir fyrir það og hversu mikinn tíma það muni taka sem hlutfall af aðalstarfi. Lögreglustjóri getur óskað frekari skýringa telji hann þess þörf.

Fallist lögreglustjóri á að aukastarfið sé samrýmanlegt stöðu lögreglumanns skal hann veita skriflegt samþykki sitt fyrir því að lögreglumaðurinn megi sinna aukastarfinu.

Innan tveggja vikna frá því að umsókn hefur borist lögreglustjóra skal lögreglumanni tilkynnt ef aukastarf telst ósamrýmanlegt stöðu hans og honum bannað að hafa það með höndum. Lögreglumaður getur borið ákvörðun um bann við aukastarfi undir embætti ríkislöggreglustjóra til endurskoðunar.

#### 4. gr.

Lögreglumanni ber að sinna aukastarfi utan reglulegs vinnutíma og vinnutíma þeirra aukastarfa sem fylgja stöðu hans og gæta þess að því sé alfarið sinnt utan skyldu- og bakvakta.

#### 5. gr.

Enginn vafi má vera uppi um hvort lögreglumaður sé að sinna aðalstarfi sínu eða aukastarfi hverju sinni. Jafnframt er lögreglumanni óheimilt að nota tæki, fatnað eða annan búnað í eigu lögreglu við aukastörf.

#### 6. gr.

Lögreglumanni er óheimilt í aukastarfi sínu að hafast nokkuð það að sem ósæmilegt þykir og ber að gæta þess að fara að öllu leyti að gildandi lögum um störf löggreglu.

#### 7. gr.

Komi í ljós eftir að lögreglumaður hefur tekið að sér aukastarf með samþykki lögreglustjóra að aukastarfið breytist á þann veg að sýnt þykir að það fái ekki lengur samrýmst lögreglustarfi eða valdi vanrækslu á embætti hans, skal hann skýra lögreglustjóra frá því svo skjótt sem verða má. Getur lögreglustjóri þegar bannað honum að gegna aukastarfinu tímabundið á meðan málið er til skoðunar.

Nr. 919

9. október 2019

Sama gildir ef lögreglustjóri verður þess var að aukastarfið hafi breyst með ofangreindum hætti eða löggreglumaður sinnir ekki þeirri skyldu sinni að leita samþykkis vegna aukastarfs.

8. gr.

Ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993 gilda að öðru leyti um málsmeðferð samkvæmt reglum þessum.

9. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 5. mgr. 32. gr. lögreglulaga nr. 90/1996, öðlast þegar gildi.

*Dómsmálaráðuneytinu, 9. október 2019.*

**Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir.**

*Haukur Guðmundsson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 23. október 2019